

LANDSKERFI BÓKASAFNA HF.

✉ Borgartúni 37, 5. h., 105 Reykjavík • ☎ 514-5050 • 🌐 www.landskerfi.is • ✉ landskerfi@landskerfi.is

Fundargerð


Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2002 var haldinn á Grand Hótel í Reykjavík, 28. júní 2002, klukkan 14:00. Mættir voru fulltrúar 6 hluthafa sem eiga samanlagt 87% hlutfjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Jónmundur Guðmarsson stjórnarformaður setti fundinn sem kaus Gunnar Sturluson, lögfræðing, fundarstjóra. Fundarritari var kosinn Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins, og voru mál tekin fyrir sem hér segir:


1. Jónmundur Guðmarsson flutti skýrslu stjórnar.
2. Ársreikningur var lagður fram og reifaður í fáum orðum af framkvæmdastjóra. Reikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum; enginn var á móti.
3. Stjórn félagsins lagði fram tillögu um að aðalfundur kjósi tvo varamenn í stjórn, auk aðalmanna, og var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum; enginn var á móti.
4. Stjórn félagsins lagði fram tillögu um breytingu á samþykktum sem felur í sér að heimilisfangi félagsins sem tilgreint er í 2. grein samþykkt þess verði breytt í Borgartún 37, 105 Reykjavík. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum; enginn var á móti.
5. Stjórn félagsins lagði fram tillögu um að stjórninni sé heimilt að auka hlutfé félagsins um 25.000.000 króna með áskrift nýrra hluta á gengi sem stjórnin ákveður; gildir heimildin til maíloka 2007. Tillagan var samþykkt samhljóða og mótatkvæðalaust.
6. Tillaga var gerð um að í stjórn yrðu kjörnir þeir Arnór Guðmundsson, Jónmundur Guðmarsson, Karl Guðmundsson og Ólafur Darri Andrason, sem sátu í henni fyrir. Gerð var tillaga um að Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169) og Valur Árnason (kt. 230666-3349) yrðu varamenn í stjórn. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði endurskoðandi félagsins. Stjórnarmenn, varamenn og endurskoðandi voru sjálfkjörnir.
7. Stjórn félagsins lagði til að þóknun stjórnarmanna yrði ákveðin kr. 15.000 á mánuði en tvöföld sú upphæð fyrir formann stjórnar. Lagt var til að endurskoðandi fengi greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og enginn var á móti.
8. Undir liðnum Önnur mál tók Árni Sigurjónsson framkvæmdastjóri til máls og gerði grein fyrir nokkrum atriðum úr rekstri félagsins og fjallaði um sjónarmið varðandi verðlagningu á þjónustu þess. Fylgdu umræður í kjölfarið stutta stund.


Fundinum var slitið um klukkan 15:00.

Reykjavík, 28. júní 2002,


Árni Sigurjónsson


Jónmundur Guðmarsson


Karl Guðmundsson


Ólafur Darri Andrason